

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Stjórnarfundur 1/2004

Fundargerð

Fundartími: Þriðjudagur 20. janúar 2004, kl. 12.15
Fundarstaður: Fundaherbergi Tæknigarðs
Fundinn sátu: Viðar Guðmundsson, formaður
Haflíði P. Gíslason, stofustjóri Eðlisfræðistofu
Hannes Jónsson, stofustjóri Efnafræðistofu
Stefán Arnórsson, stofustjóri Jarð- og landfræðistofu
Bryndís Brandsdóttir, stofustjóri Jarðeðlisfræðistofu
Hörður Filippusson, stofustjóri Lífefnafræðistofu
Hermann Þórisson, stofustjóri Reiknifræðistofu
Jón Ingólfur Magnússon, stofustjóri Stærðfræðistofu
Guðrún Gísladóttir, fulltrúi starfsmanna
Herbert Haraldsson, framkvæmdastjóri
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri RH frá 1. feb. 2004

- Fundarefni: 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**
2. Skipting fjárveitingar fyrir árið 2004
3. Erindi frá Iðnaðarnefnd Alþingis
4. Samningagerð um Norrænu Eldfjallastöðina
5. Önnur mál

Áður gengið var til dagskrár bauð formaður Sigurð Guðnason, nýráðinn framkvæmdastjóra Raunvísindastofnunar, velkominn til starfa. Sigurður mun taka við starfinu 1. febrúar 2004.

Formaður setti síðan fundinn og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar** var borin upp, engar athugasemdir komu fram og var fundargerðin þar með samþykkt og undirrituð í fundarlok.
- 2. Skipting fjárveitingar fyrir árið 2004.** Formaður lagði fram tillögu sína að skiptingu fjárveitingar fyrir árið 2004, sem dreift var á fundinum, og kvaðst hafa framkvæmt skiptinguna með sama sniði og undanfarin ár, sérstaklega með tilliti til þess að skipting fjárveitingar til stofnunarinnar verða til frekari skoðunar í tengslum við þær breytingar sem koma til með að verða á miðju þessu ári (sjá lið 4 hér fyrir neðan). Nokkrar umræður voru um málið, en tillaga formanns síðan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- 3. Erindi frá Iðnaðarnefnd Alþingis.** Formaður tók til umræðu álit sem Guðmundur G. Haraldsson, Gunnar Stefánsson og Sveinn Ólafsson höfðu gert að beiðni stjórnar RH í kjölfar stjórnarfundar 14/2003, 19. desember 2003, um frumvarp um "einkaleyfi, 303. mál, EES-reglur, líftækni". Samþykkt var að senda álitinu, að gerðum smávægilegum breytingum, til Alþingis eins og um var beðið.
- 4. Samningagerð um Norrænu Eldfjallastöðina.** Varaformaður RH gerði stjórninni grein fyrir þróun mála síðustu vikunnar í sambandi við samningagerð um Norrænu

Eldfjallastöðina.

5. Önnur mál.

- a) Starf sérfræðings á Reiknifræðistofu RH (1-3 ára) verður laust 29. febrúar 2004. Eftir kynningu stofustjóra Reiknifræðistofu, og samkvæmt tillögu stofunnar, var samþykkt að endurnýja ráðningarsamning Tómasar P. Rúnarssonar, sérfræðings, til þriggja ára.
- b) Samþykkt voru kaup á ljósritunarvél sem staðsett verður VR III til notkunar fyrir starfmenn RH, og að kaupin verði fjármögnuð með framlagi úr sameiginlegum sjóði stofnunarinnar.
- c) Formaður kynnti erindi frá Háskóla Íslands þar sem beðið er um efni frá RH í "Árbók Háskóla Íslands 2003". Dreift var á fundinum ljósriti af erindinu ásamt ljósriti af textum stofa í árbókinni fyrir 2002. Beðið er um svar RH "ekki síðar en 27. febrúar nk.", en formaður fór þess á leit við stofustjóra að þeir skili til hans efni fyrir sínar stofur vel fyrir þann tíma.

Áður en hann sleit fundi, þakkaði formaður Herbert Haraldssyni, sem láta mun af störfum 31. janúar 2004, fyrir hönd stjórnarinnar fyrir samstarfið.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá
Fundu slitið kl. 14:00

Fundarritari: Herbert Haraldsson

Stefán Arnórsson vék af fundi kl. 13:10
Hörður Filippusson vék af fundi kl. 13:45

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Stjórnarfundur 2/2004

Fundargerð

Fundartími: Þriðjudagur 2. mars 2004, kl. 12.15
Fundarstaður: Fundaherbergi Tæknigarðs
Fundinn sátu: Viðar Guðmundsson, formaður
Hafliði P. Gíslason, stofustjóri Eðlisfræðistofu
Hannes Jónsson, stofustjóri Efnafræðistofu
Bryndís Brandsdóttir, stofustjóri Jarðeðlisfræðistofu
Hörður Filippusson, stofustjóri Lífefnafræðistofu
Hermann Þórisson, stofustjóri Reiknifræðistofu
Jón Ingólfur Magnússon, stofustjóri Stærðfræðistofu
Haukur Brynjólfsson, varafulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri
Ekki var mættur fulltrúi frá Jarð-og landfræðistofu
Tryggvi Þórhallson Lögfræðingur Háskólans mætti í boði formanns vegna umræðna um nýja reglugerð fyrir RH

- Fundarefni: 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**
2. Drög að nýjum reglum fyrir RH
3. Önnur mál

Formaður setti fundinn og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar** var borin upp, engar athugasemdir komu fram og var fundargerðin þar með samþykkt og undirrituð í fundarlok.
- 2. Drög að nýjum reglum fyrir RH.** Formaður kynnti Tryggva Þórhallsson, lögfræðing HÍ sem fór yfir drög að nýjum reglum fyrir RH með fundarmönnum. Urðu nokkrar umræður um málið og komu fram nokkrar athugasemdir við drögin. Var síðan samþykkt að Tryggvi muni, í ljósi athugasemdanna, gera breytingar á drögunum. Var boðað til fundar að nýju þriðjudaginn 9. mars kl. 12:15, þar sem umræðunum verður haldið áfram.
- 3. Önnur mál.**
 - a) Samþykkt var að endurnýja ljósritunarvél á skrifstofu RH. Eldri ljósritunarvél er úr sér gengin og fyrirsjáanlegar mjög kostnaðarsamar viðgerðir sem óvíst er að dugi.
 - b) Samþykkt var að stofnunin taki upp innkaupakort. Verður það gert í samræmi við verklagsreglur ríkisins um innkaupakort.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá
Fundi slitið kl. 13:50

Fundarritari: Sigurður Guðnason

Hafliði P. Gíslason vék af fundi kl. 13:10
Hannes Jónsson vék af fundi kl. 13:40

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Stjórnarfundur 3/2004

Fundargerð

Fundartími: Þriðjudagur 9. mars 2004, kl. 12.15
Fundarstaður: Fundaherbergi Tæknigarðs
Fundinn sátu: Viðar Guðmundsson, formaður
Þorsteinn Vilhjálmsson, fulltrúi Eðlisfræðistofu
Jón K.F. Geirsson, varastofustjóri Efnifræðistofu
Bryndís Brandsdóttir, stofustjóri Jarðeðlisfræðistofu
Stefán Arnórsson, stofustjóri Jarð- og landfræðistofu
Hörður Filippusson, stofustjóri Lífefnafræðistofu
Hermann Þórisson, stofustjóri Reiknifræðistofu
Jón Ingólfur Magnússon, stofustjóri Stærðfræðistofu
Haukur Brynjólfsson, varafulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

- Fundarefni: 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**
2. Framhald umræðna um drög að nýjum reglum fyrir RH
3. Önnur mál

Formaður setti fundinn og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar** var borin upp, engar athugasemdir komu fram og var fundargerðin þar með samþykkt og undirrituð í fundarlok.
- 2. Framhald umræðna um drög að nýjum reglum fyrir RH.** Farið var yfir nýja útgáfu af drögum að nýjum reglum fyrir Raunvísindastofnun. Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á skrifstofu rektors hafði gert nokkrar breytingar eftir ábendingum frá síðasta stjórnarfundum. Var farið yfir nýju reglurnar lið fyrir lið og urðu talsverðar umræður um málið. Þær athugasemdir sem fram komu voru sendar Tryggva Þórhallssyni. Varðandi nafn á þá stofnun innan Raunvísindastofnunar sem hefur hlotið vinnuheitið Eðlisvísindastofnun, þá var samþykkt að leita álits starfsmanna þeirrar stofnunar um hvort ætti að nota nafnið Eðlisvísindastofnun eða hvort aðrar uppástungur um nafn bærust. Nýjar reglur fyrir Raunvísindastofnun voru að öðru leyti samþykktar

Fleiri mál voru ekki á dagskrá

Fundi slitið kl. 14:20

Fundarritari: Sigurður Guðnason

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Stjórnarfundur 4/2004

Fundargerð

Fundartími: Þriðjudagur 20. apríl 2004, kl. 12.15
Fundarstaður: Fundahebergi Tæknigarðs
Fundinn sátu: Viðar Guðmundsson, formaður
Haflíði P. Gíslason, stofustjóri Eðlisfræðistofu
Hannes Jónsson, stofustjóri Efnafræðistofu
Bryndís Brandsdóttir, stofustjóri Jarðeðlisfræðistofu
Stefán Arnórsson, stofustjóri Jarð- og landfræðistofu
Hörður Filippusson, stofustjóri Lífefnafræðistofu
Hermann Þórisson, stofustjóri Reiknifræðistofu
Jón Ingólfur Magnússon, stofustjóri Stærðfræðistofu
Haukur Brynjólfsson, varafulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

- Fundarefni: 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**
2. Undirbúningur að skipan bráðabirgðastjórna fyrir JHÍ og EHÍ
3. Rekstrarniðurstaða ársins 2003 og fjármál stofa.
4. Önnur mál

Formaður setti fundinn og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar** var borin upp og samþykkt eftir stuttar umræður með lítilsháttar breytingum.
- 2. Undirbúningur að skipan bráðabirgðastjórna fyrir JHÍ og EHÍ.** Stofustjórar Jarð- og landfræðistofu og jarðeðlisfræðistofu fóru yfir gang mála og nokkrar hugmyndir sem fram hafa komið. Fram kom að fengist hefði fram breyting á bráðabirgðaákvæðinu, þannig að inn í bráðabirgðastjórnina er nú kominn sjötti maður skipaður af rektor og skal sá vera formaður stjórnarinnar. Þess verði gætt að innan bráðabirgðastjórnar, og síðar stjórnar jarðvísindastofnunar væri jafnvægi milli þeirra hópa jarðvísindamanna sem koma til með að starfa innan hennar, þannig að hver hópur ætti sinn fulltrúa. Einnig er mikilvægt að vel takist til um þær breytingar sem felast í sameiningu þriggja hópa jarðvísindamanna í eina heild.

Samþykkt var að veita stofustjórum Jarð- og landfræðistofu og Jarðeðlisfræðistofu fullt umboð stjórnar til að setja fram þær tillögur um skipan bráðabirgðastjórnar JHÍ þau telja að best henti.

Bráðabirgðastjórn Eðlis-, Efna- og Stærðfræðistofnunar skal skipuð fimm mönnum. Stjórnin taldi eðlilegast að núverandi stofustjórar þeirra stofa sem mynda þá stofnun og varamenn þeirra, fengju umboð til að mynda bráðabirgðastjórn. Með þessu fyrirkomulagi væri þess gætt að jafnvægi væri á milli stofa í stjórninni og þetta er í raun sama fyrirkomulag og gildir við núverandi stjórn RH. Stjórnin kysi formann stjórnar úr sínum hópi. Fram kom sú ósk að í framtíðinni yrði sami háttur hafður á og að formaður stjórnar EHÍ yrði jafnframt

forstöðumaður stofnunarinnar. Ástæðan er sú að fyrirhugað er að viðhalda stofuskiptingu innan EHÍ og er því talsverður hluti valds og ábyrgðar áfram í höndum stofustjóra en flyst ekki til forstöðumanns eins hjá JHÍ þar sem stofuskipting verður lögð niður. Töldu fundarmenn að starf forstöðumanns EHÍ yrði þannig ekki það umfangsmikið að það réttlætti ráðningu sérstaks forstöðumanns. Einnig er það umhugsunaratriði hvort knappar fjárveitingar réttlættu slíka ráðningu. Framkvæmdastjóra var falið að koma þessum hugmyndum á framfæri við lögfræðing Háskólans.

Þá var samþykkt að óska þess að að eftirfarandi málsgrein í III. gr. bráðabirgðaákvæðis yrði felld út:

“Hver starfsmaður á skrifstofu RH á val um það á hvorum starfsmannafundinum hann velur að greiða atkvæði”

Starfsfólk á skrifstofu hefur fullan atkvæðisrétt við kosningu til stjórnar RH

3. Rekstrarniðurstaða ársins 2003 og fjármál stofa.

Dreift var á fundinum lokagreiðslufirliti 2003 og rekstrarreikningi. Rekstrarhalli stofnunarinnar árið 2003 var 25,4 milljónir króna Þetta er gjörsamlega óviðunandi niðurstaða. Í mörgum tilfellum má skýra rekstrahallan með því að sértekjur koma ekki inn fyrr en árið eftir, t.d. eins og dæmi er um með styrki frá ESB. Því miður er svo einnig að um hreina framúrkeyrslu er að ræða. Formaður stjórnar sagði þetta óviðunandi niðurstöðu. Hann brýndi fyrir stjórnarmönnum að taka á þessum málum og snúa þessari óheillaþróun við.

4. Önnur mál

- a) Stofustjóri Stærðfræðistofu óskaði eftir því að ráðning Freyju Hreinsdóttur í stöðu sérfræðings yrði framlengs um eitt ár. Þetta var samþykkt samhljóða.
- b) Rædd var hugmynd um málssókn á hendur tollstjóra vegna úrskurðar um greiðslu aðflutningsgjalda af tækjum sem starfsmenn tóku með sér erlendis en voru síðan send til baka með DHL og tryggð fyrir hærrí upphæð en nam verðmæti tækjanna. Var krafist aðflutningsgjalda samkvæmt tryggingarfjárhæð. Ákveðið var að fara betur yfir málið og fresta ákvörðun um málssókn þar til síðar.
- c) Stofustjóra Eðlisfræðistofu, Hafliði P. Gíslason, ræddi þá staðreynd að einn af starfsmönnum stofunnar eyddi miklum tíma sem tölvumaður stofnunarinnar. Var talið óeðlilegt að Eðlisfræðistofa bæri stærstan hluta launakostnaðar manns sem nýttist stofunni ekki nema að hluta. Ákveðið að skoða málið betur.
- d) Rædd var ósk Hermanns Þórissonar um launalaust leyfi í eitt ár frá 1. júlí 2004 en hann mun þá væntanlega taka við stöðu prófessors. Atriði varðandi þá ráðningu munu ekki að fullu frágengin og taldi Hermann því ekki tímabært að segja upp stöðu sinni sem vísindamanns við RH. Hermann vék af fundi meðan erindi hans var rætt en það var samþykkt einróma.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá

Fundi slitið kl. 14:05

Fundarritari: Sigurður Guðnason

Hörður Filippusson vék af fundi kl 13:30

Bryndís Brandsdóttir vék af fundi kl 14:00

Hermann Þórisson vék af fundi kl 14:00

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Stjórnarfundur 5/2004

Fundargerð

Fundartími: Miðvikudagur 19. maí 2004, kl. 12.00
Fundarstaður: Fundaherbergi Tæknigarðs
Fundinn sátu: Viðar Guðmundsson, formaður
Hafliði P. Gíslason, stofustjóri Eðlisfræðistofu
Hannes Jónsson, stofustjóri Efnafræðistofu
Bryndís Brandsdóttir, stofustjóri Jarðeðlisfræðistofu
Stefán Arnórsson, stofustjóri Jarð- og landfræðistofu
Hörður Filippusson, stofustjóri Lífefnafræðistofu
Hermann Þórisson, stofustjóri Reiknifræðistofu
Jón Ingólfur Magnússon, stofustjóri Stærðfræðistofu
Haukur Brynjólfsson, varafulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

- Fundarefni: 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**
2. Skipan bráðabirgðastjórna fyrir JH og EH
3. Önnur mál

Formaður setti fundinn og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar** var lögð fram og samþykkt.
- 2. Skipan bráðabirgðastjórna fyrir JH og EH.** Í samræmi við bráðabirgðaákvæði í reglum 398/2004 um Raunvísindastofnun Háskólans skal stjórn Raunvísindastofnunar skipa bráðabirgðastjórnir Jarðvísindastofnunar (JH) og Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnunar (EH) eins og nánar er tilgreint í bráðabirgðaákvæðinu. Var skipan bráðabirgðastjórnanna samþykkt mótatkvæðalaust.

Í bráðabirgðastjórn JH voru skipuð:

Sveinbjörn Björnsson formaður, tilnefndur af rektor

Geoffrey S. Boulton prófessor, tilnefndur af deildarforseta raunvísindadeildar

Ólafur G. Flóvenz, tilnefndur af stjórn Norrænu Eldfjallastöðvarinnar

Bryndís Brandsdóttir, kjörin á starfsmannafundi

Karl Grönvold, kjörinn á starfsmannafundi

Stefán Arnórsson, kjörinn á starfsmannafundi

Varamenn kjörnir á starfsmannafundi eru Magnús Tumi Guðmundsson, Níels Óskarsson og Jón Eiríksson. Varamenn annara stjórnarmanna hafa ekki verið tilnefndir.

Í bráðabirgðastjórn EH voru skipaðir:

Hermann Þórisson, stofustjóri reiknifræðistofu, formaður

Hafliði P. Gíslason, stofustjóri eðlisfræðistofu

Hannes Jónsson, stofustjóri efnafræðistofu

Hörður Filippusson, stofustjóri lífefnafræðistofu

Jón Ingólfur Magnússon, stofustjóri stærðfræðistofu

Bráðabirgðastjórn EH hafði á fundi sínum mánudaginn 17. maí, samþykkt að Hermann

Þórisson yrði formaður bráðabirgðastjórnarinnar.

Hafliði P. Gíslason óskaði að bókað yrði að sá fundur hafi verið ólöglegur, þar sem hann hafi ekki verið boðaður með löglegum fyrirvara sem væri 3 vinnudagar.

3. Önnur mál

- a) Hannes Jónsson kynnti væntanlega auglýsingu um starf sérfræðings á efnafræðistofu. Jón Ingólfur Magnússon lét bóka þá ósk að ekki yrði aðeins auglýst í Morgunblaðinu heldur einnig í Fréttablaðinu.
- b) Fram kom það sjónarmið að tímabært væri að endurnýja heimasíðu stofnunarinnar.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá

Fundi slitið kl. 13:00

Fundarritari: Sigurður Guðnason

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Stjórnarfundur 6/2004

Fundargerð

Fundartími: Miðvikudagur 8. júlí 2004, kl. 12:15
Fundarstaður: Fundahebergi Norræna Hússins
Fundinn sátu: Viðar Guðmundsson, formaður
Hafliði P. Gíslason, stofustjóri Eðlisfræðistofu
Hannes Jónsson, stofustjóri Efnafraeðistofu
Bryndís Brandsdóttir, stofustjóri Jarðeðlisfræðistofu
Hörður Filippusson, stofustjóri Lífefnafræðistofu
Hermann Þórisson, stofustjóri Reiknifraeðistofu
Jón Ingólfur Magnússon, stofustjóri Stærðfræðistofu
Guðrún Gísladóttir, fulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

Ekki var mættur fulltrúi frá Jarð- og landfræðistofu

- Fundarefni: 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**
2. Fjárhagsstaða stofnunarinnar
3. Mál tengd breytingum á RH 1. júlí
4. Önnur mál

Formaður setti fundinn og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar** var lögð fram og samþykkt.
- 2. Fjárhagsstaða stofnunarinnar.** Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsstöðu stofnunarinnar og lagði fram óendurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir 2003. Rekstrarhalli 2003 var rúmar 25 millj. króna sem er gjörsamlega óviðunandi. Að óbreyttu stefnir í talsverðan halla á þessu ári og lýstu menn yfir áhyggjum af stöðu mála og var hvatt til þess að tekið yrði til hendinni í þessum málum sem allra fyrst.
- 3. Mál tengd breytingum á RH 1. júlí.** Farið var yfir stöðu mála í tengslum við breytingar á skipulagi RH þann 1. júlí. Nú hafa bráðabirgðastjórnir þeirra tveggja stofnana sem mynda Raunvísindastofnun tekið til starfa.

Bryndís Brandsdóttir kynnti starf bráðabirgðastjórnar Jarðvísindastofnunar (JH). Hefur hingað til aðallega verið fjallað um auglýsingu eftir forstöðumanni stofnunarinnar. Þar til forstöðumaður hefur verið ráðin(n) munu stofustjórar Jarðeðlisfræðistofu og Jarð- og landfræðistofu gegna störfum sínum áfram. Norræna eldfjallasetrið mun starfa sem sérstök stofa og mun Freysteinn Sigmundsson vera stofustjóri. Einnig reifaði Bryndís húsnæðismál í Öskju og umræður um þau, skipuð hefur verið hússtjórn í Öskju.

Bráðabirgðastjórn Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnunar (EH) hefur fundað tvisvar til þessa. Ekki er ætlunin að ráða sérstakan forstöðumann heldur mun stjórn EH skipta með sér þeim verkefnum. Hannes Jónsson var kjörin varaformaður bráðabirgðastjórnar EH. Stefnt er að því að viðhalda stofuskiptingu innan EH og að stofustjórar skipi stjórn stofnunarinnar. Fram

kom að Háloftadeild yrði að öllum líkindum flutt undir Eðlisfræðistofu.

Að lokum sagði formaður stjórnar RH að æskilegt væri að nýjar stjórnir EH og JH tækju við af bráðabirgðastjórnunum eigi síðar en um áramót.

4. Önnur mál

- a) Fyrir lá beiðni frá Helga Björnssyni, vísindamanni um rannsóknaleyfi í 6 mánuði. Samþykkt var að svara Helga á þá lund að stjórnin samþykki að veita honum umbeðið leyfi með þeim réttindum sem slíkum leyfum fylgja, að því tilskildu að nægilegt fé fái til að standa straum af þeim kostnaði sem af leyfinu hlýst, en það verði vitað þegar fjárlög hafa verið samþykkt og nefnd sú sem úthlutar fé úr sjóðnum hefur lokið störfum.
- b) Fyrir lá beiðni frá Ragnari Sigurðssyni, fræðimanni um rannsóknaleyfi í 6 mánuði. Samþykkt var að svara Ragnari á þá lund að stjórnin samþykki að veita honum umbeðið leyfi með þeim réttindum sem slíkum leyfum fylgja, að því tilskildu að nægilegt fé fái til að standa straum af þeim kostnaði sem af leyfinu hlýst, en það verði vitað þegar fjárlög hafa verið samþykkt og nefnd sú sem úthlutar fé úr sjóðnum hefur lokið störfum. stofnunarinnar.
- c) Lögð fram beiðni frá Ragnari Sigurðssyni þar sem hann sækir um framgang í stöðu vísindamanns. Samþykkt að fara þess á leit að skipuð verði dómnefnd til að meta hæfi viðkomandi til umbeðins framgangs. Stofustjóri mun leggja fram tillögu um formann nefndarinnar. Formaður nefndarinnar greinir síðar frá tillögu um aðra nefndarmenn.
- d) Stofustjóri Efnafræðistofu kynnti beiðni frá Oddi Ingólfssyni dósent við efnafræðiskor raunvísindadeildar um rannsóknaraðstöðu og skrifstofu við efnafræðistofu Raunvísindastofnunar. Beiðnin var samþykkt og sent hinni nýju Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnunar til afgreiðslu.
- e) Samþykkt að auglýsa stöðu forstöðumanns Háloftadeildar.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá

Fundi slitið kl. 14:10

Fundarritari: Sigurður Guðnason

Bryndís Brandsdóttir vék af fundi kl. 13:45

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Stjórnarfundur 7/2004

Fundargerð

Fundartími: Miðvikudagur 14. október 2004, kl. 12:15
Fundarstaður: Fundaherbergi Tæknigarðs
Fundinn sátu: Viðar Guðmundsson, formaður
Bryndís Brandsdóttir, varaformaður
Sveinbjörn Björnsson, formaður bráðabirgðastjórnar JH
Hermann Þórisson, formaður bráðabirgðastjórnar EH
Haukur Brynjólfsson, varafulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

- Fundarefni:**
- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**
 - 2. Framlög til RH í fjárlagafrumvarpi 2005**
 - 3. Ósk um aðstöðu fyrir nýtt NMR tæki að Dunhaga 3**
 - 4. Bréf frá Inga Þ. Bjarnasyni varðandi yfirvinnugreiðslur**
 - 5. Reglur EH**
 - 6. Samræming á reglum RH og raunvísindadeildar um ráðningarmál**
 - 7. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar** var lögð fram og samþykkt með smá orðalagsbreytingum.
- 2. Framlög til RH í fjárlagafrumvarpi 2005.** Framkvæmdastjóri fór yfir fjárveitingar til stofnunarinnar sem fram koma í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005. Stofnuninni eru ætlaðar 220 mkr. sem er hækkun um 2,04% frá yfirstandandi ári. Þessu til viðbótar er framlag sem Norræna eldfjallastöðin hefur haft á fjárlögum auk 15 mkr. framlags vegna sameiningar NE við jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar, samtals 34,1 mkr. Það er ljóst að rekstri stofnunarinnar verður þröngur stakkur skorinn ef svo heldur fram sem horfir. Rætt var um að óska eftir því í framtíðinni að fjárveitingum til stofnunarinnar yrði skipt á milli EH og JH á fjárlögum. Rætt var um fjárhagsstöðu stofnunarinnar og nauðsyn þess að taka máliðföstum tókum.
- 3. Ósk um aðstöðu fyrir nýtt NMR tæki að Dunhaga 3.** Formaður bráðabirgðastjórnar Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnunar (EH) lagði fram ósk um breytingar í kjallara að Dunhaga 3 vegna nýs NMR tækis sem er væntanlegt fljótlega. Var óskað eftir aðstöðu í herbergi við hlið núverandi NMR tækis en þar eru geymd m.a. skjálftagögn. Var framkvæmdastjóra falið að kanna hvort unnt væri að finna þeim gögnum og öðru sem geymt er í herberginu viðunandi stað sem væri ásættanlegur fyrir alla aðila.
- 4. Bréf frá Inga Þ. Bjarnasyni varðandi yfirvinnugreiðslur.** Lagt var fram bréf frá Inga

Bjarnasyni þar sem hann fer fram á að yfirvinnu samningur hans verði endurnýjaður eða mánaðarlaun hans hækkuð samsvarandi. Fram kom að Ingi hafi fengið yfirvinnugreiðslur sem hafi verið teknar af fjárveitingu. Stefna Raunvísindastofnunar er að yfirvinna starfsmanna á stofum væri fjármögnuð af sértekjum. Knappar fjárveitingar stofnunarinnar leyfðu almennt ekki annað. Var framkvæmdastjóra falið að gera drög að svari til Inga og myndi hann leita álits lögfræðings Háskólans á málinu.

5. **Reglur EH.** Formaður bráðabirgðastjórnar Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnunar (EH) lagði fram reglur EH sem eru samdar skv. 3. gr. reglna um Raunvísindastofnun Háskólans. Voru reglurnar samþykktar einróma.
6. **Samræming á reglum RH og raunvísindadeildar um ráðningarmál.** Formaður bráðabirgðastjórnar EH ræddi mismun á reglum RH og raunvísindadeildar varðandi ráðningar. Stjórnin óskar eftir því að reglurnar verði samræmdar.
7. **Önnur mál**
 - a) Formaður stjórnar kynnti óskir samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál um óskorað umboð frá RH og öðrum stofnunum tengum Háskólanum til að gera stofnanasamning við FH.
 - b) Samþykkt að afskrifa skuld Fjölneva við stofnunina.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá
Fundu slitið kl. 15:00

Fundarritari: Sigurður Guðnason

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Stjórnarfundur 8/2004

Fundargerð

Fundartími: Mánudagur 22. nóvember 2004, kl. 10:00
Fundarstaður: Fundaherbergi Tæknigarðs
Fundinn sátu: Viðar Guðmundsson, formaður
Bryndís Brandsdóttir, varaformaður
Sveinbjörn Björnsson, formaður bráðabirgðastjórnar JH
Hermann Þórisson, formaður stjórnar EH
Guðrún Gísladóttir, fulltrúi starfsmanna
Sigurður Guðnason, framkvæmdastjóri

- Fundarefni:**
- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**
 - 2. Fjárveiting til RH 2005, skipting fjárveitingar**
 - 3. Krafa HÍ um greiðslur í sáttmálasjóð og vinnumatssjóð. Stofnanasamningur við FH og samflot með HÍ og tengdum stofnunum.**
 - 4. Hugmyndir HÍ um að NE taki þátt í rekstrarkostnaði Öskju.**
 - 5. Bréf til Inga Þ. Bjarnasonar varðandi yfirvinnugreiðslur**
 - 6. Erindi frá Þorsteini Sæmundssyni.**
 - 7. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar** var samþykkt.
- 2. Fjárveiting til RH 2005, skipting fjárveitingar.** Kynnt var áætlun um skiptingu fjárveitingar til Raunvísindastofnunar. Skiptingin er byggð á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005. Stofnuninni eru þar ætlaðar 220 mkr. sem er hækkun um 2,04% frá yfirstandandi ári. Þessu til viðbótar er framlag til Norræna eldfjallasetursins 34,1 mkr. Var áætlunin samþykkt óbreytt
- 3. Krafa HÍ um greiðslur í sáttmálasjóð og vinnumatssjóð. Stofnanasamningur við FH og samflot með HÍ og tengdum stofnunum.** Formaður stjórnar kynnti kröfur HÍ um að RH og aðrar stofnanir tengdar Háskólanum greiddu til HÍ vegna sáttmálasjóðs og vinnumatssjóðs. Er áætlað að greiðslur vegna sáttmálasjóðs nemi um 6 milljónum króna á ári. Greiðslur í vinnumatssjóð eru 12,5% af launum sérfræðinga sem eru í FH. Hér er um miklar fjárhæðir að tefla fyrir RH. Ákveðið var að skoða vel sögulegan bakgrunn sjóðanna og hvort ekki hafi verið gert ráð fyrir RH og öðrum stofnunum í fjárveitingum til HÍ að hálfu fjárveitingavaldsins. Óskað verður eftir viðræðum við Háskólann um þetta mál. Einnig var bent á að þessir sjóðir væru hluti af kjarasamningi ríkisins við FH. Rætt var um væntanlegan stofnanasamning og ósk Félags Háskólakennara að RH gæfi samráðsnefnd ótakamarkað umboð til að gera stofnanasamning. Var þetta talið óaðgengilegt og samþykkt að leggja til að stofnanir tengdar HÍ myndi samráðshóp sem yrði undir samráðsnefndinni. Var Viðari Guðmundssyni og Sveinbirni Björnssyni falið að ræða við

Háskólann um samráðsnefndina um leið og rætt verður um sáttmála- og vinnumatssjóð.

4. **Hugmyndir HÍ um að NE taki þátt í rekstrarkostnaði Öskju.** Kynntar voru hugmyndir Háskólans um að Norræna eldfjallasetrið tæki þátt í rekstrarkostnaði Öskju miðað við þann hluta þess sem það nýtir. Rökin eru þau að NE hafi greitt hlutdeild í rekstri húsnæðis meðan hún var í jarðfræðahúsinu og húaleigu og annan húsnæðiskostnað að Grensásvegi. Einnig sé húsnæðiskostnaður hluti af fjárveitingum til setursins. Var samþykkt að ræða nánar við Háskólann um málið m.a. með tilliti til samnings við Norrænu ráðherranefndina um sameiningu NE við jarðfræðihluta RH.
5. **Bréf til Inga Þ. Bjarnasonar varðandi yfirvinnugreiðslur.** Bryndís Brandsdóttir vék af fundi þegar þessi dagskrárliður var tekinn fyrir. Lagt var fram svarbréf til Inga Þ. Bjarnasonar vegna kröfu hans um endurnýjun á yfirvinnusamningi hans eða samsvarandi hækkun mánaðarlauna. Bréf Inga þar að lútandi var tekið fyrir á síðasta stjórnarfund. Í svarbréfinu var kröfu Inga hafnað, var það samþykkt.
6. **Erindi frá Þorsteini Sæmundssyni.** Lagt fram erindi frá Þorsteini Sæmundssyni þar sem hann óskar eftir aðstöðu við stofnunina eftir að hann lætur af störfum vegna aldurs. Var samþykkt að verða við erindinu og því vísað til stjórnar EH sem mun finna aðstöðu fyrir Þorstein.
7. **Önnur mál**
 - a) Sveinbjörn Björnsson kynnti stöðu mála hjá JH. Forstöðumaður hefur ekki verið ráðinn en gert er ráð fyrir að það verði í febrúar eða mars. Dómenfnd er að störfum. Á meðan mun stofuskipting vera áfram. Áfram er unnið að því að móta skipulag Jarðvísindastofnunar.

Guðrún Gísladóttir vék af fundi kl. 11:00

Fleiri mál voru ekki á dagskrá

Fundi slitið kl. 11:30

Fundarritari: Sigurður Guðnason